


Inngangurinn að Helvíti er horfinn

Í kvöld verður á Kjarvalsstöðum opnuð sýningin Flogið yfir Heklu. Á sýningunni er fjallað um Heklu, ímynd hennar í myndlist og tengsl náttúru og manns.

„Ég stakkt einhvern tímann upp á þessari hugmynd við stjórnendur safnsins. Ég hélt fyrirlestur í Listaháskólanum sem var byggður á þessu efni og segja má að sá fyrirlestur sé grunnurinn að sýningunni,“ segir Einar Garibaldi Eiríksson sem stjórnar sýningunni. Með titlinum Flogið yfir Heklu vísar hann til greinar Halldórs Laxness um Kjarval sem birtist í bók um listmálarann árið 1950.

„Best of Hekla“

„Það er mjög ánægjulegt að eftir að hafa valið fremur þröngt svið þá er eins og sýningin sprengi alla ramma; opnist í allar áttir,“ segir Einar Garibaldi. „Á endanum varð ég að hafna mjög miklu. Það hefði verið auðvelt að fylla salinn af „Best of Hekla“ og láta þær myndir liggja í ákveðinni þögn og fyrirframefnu samþykki um að þetta væru feurstu myndirnar sem við ættum af Heklu. Það var í rauninni ekki takmarkið að gera slíka samantekt heldur að gera sýningu sem sýndi hugarheim myndlistarmannsins. Mig langaði að gera myndlistarmanninn meira sýnilegan; sýna að starf listamannsins væri ekki bara að hlaupa með tröurnar út í guðsgræna náttúruna og búa til myndir af henni.“



Einar Garibaldi og Hekla Hallgríms Helgasonar

„Kannski er þessi sýning að einhverju leyti niðurstaða þeirrar löngunar minnar að mála mynd af Heklu.“

Hekla í listamanninum sjálfum

Flogið yfir Heklu er ekki aðeins listsýning heldur er hún sagnfræðileg heimild og landfræðileg.

„Þegar ég setti þessa sýningu saman uppgötvaði ég að Hekla er eins og perlan. Hún er spegilmynd; þegar máluð er mynd af Heklu þá er maður ekki að mála mynd af fjallinu heldur af sjálfum sér. Ein-

kenni hvers tímabils koma mjög sterkt fram í því hvernig fjallið er málað.“

Einar segir að það sé ekki ætlunin að búa til sögulegt yfirlit yfir ákveðna þróun heldur miklu frekar að bera saman gömul verk og ný; setja þau hlið við hlið og athuga hvað gerist.

„Þetta er líka tilraun til af fá að sjá myndir sem maður hefur aldrei séð en eru samt í huga manns og skipta mann máli,“ segir Einar Garibaldi og nefnir þar til sögunnar leiktjöld Sigurðar Guðmundssonar málara sem hann máladi fyrir Útilegumennina og er talið elsta landslagsmálverk. Hekla hefur verið tæmd af öllu innihaldi.“

Hin mikla mynd

Breytingin á viðhorfi þjóðarinnar til Heklu hefur breyst gríðarlega frá því Eggert og Bjarni klifu hana fyrstir manna um miðja átjándu öld „Þróunin er mjög hægfara og tengist framförum í vísindum og tækni. Laxness bendir á þessa þróun í grein sinni um Kjarval. Hekla færast frá því að vera mesti ógnvaldur landsins til þess að vera hámark feegurðarinnar á Íslandi í málverkum frumherjanna. Síðan breyta bílar og flugvélar Heklu í fjölskylduskemmtun. Ögnin er horfin: það er algjörlega búið að fletja út mýtuna um innganginn að Helvíti með þrívíddarlíknum. Hekla hefur verið tæmd af öllu innihaldi.“

En hvernig er Hekla í huga Einar Garibaldi?

„Hún er eins og sýningin; ótrúlega margslungin mynd. Kannski er þessi sýning að einhverju leyti niðurstaða þeirrar löngunar minnar að mála mynd af Heklu. Ég hef ekki fundið nógu stóran striga fyrir þá miklu mynd.“

Englakliður

Kanadíska söngkonan Carole Davis, sem hélt nýlega tónleika í Salnum í Kópavogi, var í tónleikaskránni kölluð „syngjandi erindreki“ Kanadabúa á Íslandi. Tónleikar hennar voru þó alveg ómögulegir og engan veginn sæmandi söngkonu með svo háfleygan titil. Útkoman verður örugglega betri er Íslendingar syngja í Kanada á næstunni, því Mótettukór Hallgrímskirkju ætlar að halda vortónleika sína víðs vegar þar vestra. Er um heila tónleikaröð að ræða sem byrjaði í Reykjavík á mánuðagskvöldi, að sjálfsögðu í Hallgrímskirkju. Tónleikarnir mörkuðu lok kirkjulistahátíðarinnar, enda var efnisskráin mjög á andlegu nótnum, þó dagskrá kórsins í tónleikaferðinni verði annars hin fjölbreyttasta.

Tónleikarnir hófust á sjálfum þjóðsöngnum, Lofsöng eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, en hann var fyrsti Íslendingurinn sem hafði tónlist að aðalstarfi. Söngur kórsins undir stjórn Harðar Áskelssonar var ekkert minna en undursamlegur, raddirnar voru dásamlega skýrar og veiku nóturnar svo unaðslega vel mótaðar að það hálfá væri nóg. Sama má segja um

annað á efnisskránni, hvarvetna var túlkunin vönduð og áhrifarík, og sumt var svo vel sungið að það var eins og maður væri að hljóða á himneskan englaklið.

Tónlist

Meðal þess sem kórinn söng var Avuksihuu-topsalmi eftir Einojuhani Rautavaara og Magnificat eftir Arvo Pärt, en þeir tveir teljast meðal vinsælustu tónskálda samtímans, eins og Halldór Hauksson benti á í ágætri grein í tónleikaskránni. Ástæðan fyrir því hve vel Pärt hefur gengið að ná til fjöldsans er augljós. Árið 1976 kom hann fram með afar persónulegan stíl þar sem auðskiljanlegir þríhljómar voru í hávegum hafðir, á sama tíma og nútímatónlist lyktaði almennt af sjálfsfróun gamalla karla, eins og einhver orðaði það svo huggulega fyrir ekki löngu.

Rautavaara er „framúrstefnulegri“, enda notast hann við eitt og annað úr nýlegum stefnum og straumum, en þrátt fyrir það er tónlist hans svo frumleg og innblásin að fólk getur ekki annað en

fundist hún skemmtileg. Verk Rautavaara, sem kórinn söng á tónleikunum, er hugsað sem ákall til Drottins og var athyglisverð blanda af nútímalegum stílbrogðum og frumstæðum laglínunum, a.m.k. minnti tónlistin á áköll úr japönskum Sjintó-sið, sem er ævafor, heiðinn átrúnaður þar sem ásláttarhljóðfæri og söngur koma mjög við sögu. Bæði verk Rautavaara og Pärt voru störfengleg í flutningi kórsins, styrkleikajafnvægi þrýðilegt, textaframburður auðskiljanlegur og almenn styrkleikabrigði markviss og nákvæm.

Tveir einsöngvarar stóðu sig ágætlega með kórnum, þau Margrét Sigurðardóttir í Kvöldbænum Þorkels Sigurbjörnssonar og Hafsteinn Þórólfsson í Jesu dulcis memoria eftir Otto Olsson. Tónlist Olssons er hrifandi fegur og mætti vel heyrast oftar, og má segja hið sama um ýmislegt annað á efnisskránni, sem var í heild áhugaverð, eins og hið fagra Agnus Dei eftir bandaríska tónskáldið Samuel Barber. Verður því ekki annað sagt en að þetta hafi verið frábærir tónleikar, og er kórnum hér með óskað góðs gengis í tónleikaferðinni. **Jónas Sen**

Bjart yfir Hveragerði

Það er mikið að gerast í tónleikahaldi úti á landi um þessar mundir en frá fyrsta til þriðja júní stóð yfir Tónlistarhátíðin Bjartar sumarnætur í Hveragerði sem skipulögð er að venju af þeim Gunnari Kvaran og Guðnýju Guðmundsdóttur. Margir góðir tónlistarmenn komu fram á tónleikum hátíðarinnar að þessu sinni, m.a. kennarahjónin þekktu Almíta og Roland Vamos sem kennt hafa mörgum af fremstu fjöluleikurum landsins. Lokatónleikar hátíðarinnar á hvítasunnudag báru þess glögg vitni að Hveragerðingur og nærsveitarnir kunnu vel að meta framtakið, setið var í hverju sæti bæði uppi og niðri í kirkjunni sem hlýtur að teljast til tíðinda, einkum þar sem tónleikarnir hafa að nokkru keppt við lokatónleika Kirkjulistahátíðarinnar.

Tónlist

Efnisskrá tónleikanna var með blönduðu sniði en fyrst lék píanókvintett skipaður þeim Guðnýju og Gunnari, Vamoshjónunum og Peter Maté verk unnið upp úr íslenskum þjóðlögum og frumstæðum stefnum eftir Jón Ásgeirsson. Kvintettinn skiptist í fjóra kafla og höfðu þrjár verkið fluttir áður en síðasti kaflinn, Augun mín og augun þín, var frumfluttur hér. Verkið er bráðskemmtilegt, 1. kaflinn kraftmikill og galsafenginn, annar kaflinn settur saman af fjórum stefnum sem tvinnast saman og í þeim þriðja gengur stefið úr Krummavísunum á milli hljóðfæranna á skemmtilegan hátt. Fjórdi og síðasti kaflinn er undurfallegur en í honum er byggður upp magnaður stigandi með síendurtekinni laglínunni úr Augun mín og augun þín. Kvintettinn gerði verkinu góð skil og dró vel



Metnaðarfull tónlistarhátíð

Fjölbreyttir og skemmtilegir tónleikar í Hveragerði þar sem tenórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson heillaði áheyrendur upp úr skónum.

fram ólíkar stemningar kaflanna þó að á stöku stað virtust fjölnar fullhörkulegar miðað við finlegan selló- og lágfjöluleikinn t.d. í viðkvæmri laglínunni í Augun þín og augun mín undir lokin.

Næstur á dagskrá var svo ungi tenórsöngvarinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem heillaði áheyrendur upp úr skónum með flutningi sínum á nokkrum íslenskum og erlendum sönglögum. Jóhann Friðgeir hefur ekki aðeins mjög góða rödd, hann hefur einnig mikla útgeislun á sviði og er litríkur túlkandi. Rödd hans hljómar jafnfalllega jafnt

á lágu nótnum sem þeim háu, hann sveiflar sér léttilega upp á þær hæstu eins og í lokanótunni í „Sjá dagar koma“ eða „Marechiaré“ e. Tosti eða beittir henni lágt og er þá ekki síður magnaður eins og t.d. í „Ég lít í anda líöna tíð“. Péter Maté lék með á pianóíð og skilaði sínu einstaklega vel.

Síðasta verkið á efnisskránni var Kvintett fyrir píanó og strengi í f-moll eftir César Franck sem Guðný og Gunnar léku ásamt Vamos-hjónunum og Selmu Guðmundsdóttur píanóleikara. Gunnar lýsti verkinu í inngangi sem dramatískasta og ástríðufyllsta kammerverki allra tíma en verkið var frumflutt 1880 og tileinkað Saint-Saëns. Það fékk þó misjafnar viðtökur, m.a. af Saint-Saëns sjálfum sem lék píanópartinn í frumflutningnum og yfirgaf sviðið um leið og honum var lokið. Kvintettinn er sannarlega ofsafenginn og ástríðufull tónsmíð en dramtísku kaflarnir eru sífellt brotnir upp með öðrum blíðari og ljúfsárari stefnum. Þó að kammerhópurinn, skipaður þeim Gunnari, Guðnýju og félögum, sé ekki kvintett sem leikur saman að staðaldri náðu þau nokkuð vel saman og léku þetta erfiða

verk af hita og tilfinningaþunga. Á stundum var þó eins og dramatikinn í verkinu næði þvílíkum tókum á hljóðfæraleikunum að þeir hreinlega gleymdu sér og blíðlegri stefin náðu því ekki alltaf að skapa þær andstæður sem í verkinu búa og ljá því það tregafulla yfirbragð sem einkennir það svo mjög. Tónleikarnir í heild voru fjölbreyttir og skemmtilegir og er þeim Guðnýju, Gunnari og öðrum aðstandendum óskað til hamingju með þessa metnaðarfullu tónlistarhátíð.

Hrafnhildur Hagalín

Elsa hennar Láru vann

Á laugardaginn hlaut dansverkið Elsa eftir Láru Stefánsdóttur danshöfund fyrstu verðlaun í alþjóðlegri ballett- og danshöfundakeppni í Helsinki. Verkið var flutt af dönsurunum Hlín



Diego Hjálmarsson og Guðmundi Elíasi Knudsen og er verkið samið við tónlist finnsku raftónlistarsveitarinnar Pan Sonic. Um var að ræða frumflutning á Elsu en hún verður frumsvind á Íslandi í haust þannig að íslenskir dansmenn geta hlakkað til.

Pars pro toto dans/leikhús stendur að verkinu en búningur voru hannaðir af Elínu Eddu Árnadóttur og saumaðir af Hjördísi Sigurbjörnsdóttur. Páll Ragnarsson hannaði lýsingu fyrir verkið.

Keppnin í Finnlandi er í háum gæðaflokki og komast mun færri að en vilja. Í danshöfundahluta keppinnar bárust ríflega sjötíu umsóknir og voru ellefu verk valin til sýninga á stóra sviði Þjóðaróperuhússins í Helsinki. Aðalverðlaun keppinnar hlutu Portúgalar en Svíar og Finnar urðu í öðru og þriðja sæti.

Akureyri í myndlist



Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri hefst á laugardaginn og hefur yfirskriftina Akureyri í myndlist. Sýningin er samsýning sextán myndlistarmanna

sem búa og starfa á Akureyri en frá bænum hafa margir athyglisverðir listamenn komið á síðustu árum og áratugum. Leitast er eftir því að draga fram hvort eyfisk myndlist hafi sérstök einkenni og hvort Akureyri sé í eðli sínu frábrugðin öðrum bæjum landsins.

Sú nýbreytni er tekin upp í tengslum við þessa sýningu að í stað þess að safnstjórn taki ákvörðun um kaup á verki fyrir safnið verður skoðanakönnun á sýningunni; áhorfendur kjósa „besta“ verkið og ráða þannig hvaða verk verður keypt til safnsins. Auk þess getur heppinn áhorfandi eignast verk eftir vinsælasta listamanninn og flugmíða til listaborgarinnar New York. Auk þessarar kosningar verður gerð nánari könnun á viðhorfi ólíkra hópa til myndlistar og vonast forráðamenn safnsins til þess að komast að ýmsum fróðlegum hlutum eins og til dæmis hvaða þjóðfélagsþópur er hrifnari af abstrakt list en raunsæri list.

Mikilvægi manneldis

Margir hafa þá tilhneigingu að láta ofan í sig alls konar óþverra og hefur manneldisstefna ríkisins reynt að leiða fólk inn á betri brautir síðustu árin með dyggri aðstoð matvælafræðinga. Háskóli Íslands stóð á vordögum 2000 fyrir þverfaglegu málþingi um manneldi á nýrri öld í tilefni þess að tuttugu ár voru liðin frá fyrstu útskrift matvælafræðinga frá HÍ. Meðal fyrirlesara voru matvælafræðingar, næringarfræðingar og aðrir vísindamenn af sviðum mannfræði, læknisfræði, hagfræði, sagnfræði og landfræði. Nú er komin út bókinn Manneldi á nýrri öld sem inniheldur þá fyrirlestra sem fluttir voru á málþinginu. Umfjöllunarefnið er bundið við matvæli en sjónum er meðal annars beint að erfðabreyttum matvælum, offitu, vannæringu og fæðubótarefnum. Bókin er ætluð stúdentum og öðrum sem hafa áhuga á framtíð manneldis.

